TIL SÖLU



Volvo 244 GL árg. 1979 m/vökvastýri, aflbremsur. Litur gullsanseraður. Ekinn aðeins 10.000 km. Upplýsingar í síma 43559.

RITGERÐASAMKEPPNI

Í tilefni barnaárs hefur stjórn Styrktarfélags vangefinna ákveðið að efna til ritgerðasamkeppni um efnið:

Hinn vangefni í þjóðfélaginu

Veitt verða þrenn verðlaun:
1. verðlaun kr. 150 þús.
2. verðlaun kr. 100 þús.
3. verðlaun kr. 50 þús.

Lengd hverrar ritgerðar skal vera a.m.k. 6—10 vélritaðar síður. Ritgerðirnar, merktar dulnefni, skal senda skrifstofu félagsins að Laugavegi 11, Reykjavík, en nafn og heimilisfang höfundar fylgi með í lokuðu umslagi. Félagið áskilur sér rétt til að birta opinberlega þær ritgerðir, er verðlaun hljóta.

Skilafrestur er til 30. nóv. nk.

Óskum eftir að leigja gott

Eins manns herbergi

með húsgögnum og aðgangi að baði á tímabilinu 8. til 26. október nk. fyrir erlendan verkfræðing. Þarf að vera á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Tilboð sendist Íslenzka Álfélaginu h.f. í síma 52365 (kl. 0800—1600 á virkum dögum) eða bréflega í pósthólf 244, Hafnarfirði.

Íslenzka Álfélagið h.f.

Mark II
Gæða kassettur
á frábæru verði



	60 Kr.	90 Kr.
High Energi	1750	2050
Ferro Chrome	2100	2450
Studio Quality	3600	4700

Gæðaprófun á MARK II kassettum í samanburði við allar aðrar kassettur á markaðnum liggur frammi á útsölustöðum.

BORGARTÚNI 18
REYKJAVÍK SÍMI 27099
SJÓNVARPSBÚÐIN

FÍM á flæðiskeri

Við skulum hafa eitt á hreinu áður en lengra er haldið: Íslensk myndlist er alls ekki illa á vegi stödd ef á heildina er litið. Landslagshefðin er í höndum nokkurra ötulla málara, afstraktið lifir enn góðu lífi, talsverðar hræringar eru nú í fígúratífri myndlist, listiðnaður er á uppleið, grafík blómstrar og myndlist yngri manna er lífleg og fjölbreytt. Helst er að stöðnunar gæti í skúlptúr.

Hins vegar mundi naskur útlendingur sennilega draga þá ályktun af þeirri haustsýningu FÍM, sem nú stendur yfir, að íslensk myndlist væri á flæðiskeri stödd og væri ekki hægt að lá honum það. Sýningin segir nefnilega ekkert um stöðu myndlistar á Íslandi í dag og vafasamt er hvort hún á sér framtíð í þessari mynd.



Guðmundur Ármann Sigurjónsson — 45 ár sem skipasmiður, 1979.

Nokkrir harðjaxlar

Lítum á stöðuna: 45 eru þátttakendurnir en félagsmenn í FÍM einu eru nálægt 100 og 26 þeirra senda inn verk. Afgangurinn er utanfélagsfólk. Hér vantar nær alla eldri afstraktmálarana, svo og okkar bestu landslagsmálara, listiðnað má telja á fingrum annarrar handar, skúlptúr er aðeins til málamynda og ekki örlar á nýlist. Að vísu líður haustsýningin fyrir fjarveru grafíkfólksins, sem samankomið er í Norræna húsinu við mikinn orðstír, en að öðru leyti getur fyrirtækið vart borið hönd fyrir höfuð sér. Þarna eru að vísu nokkrir harðjaxlar sem ávallt standa fyrir sínu: Ágúst Petersen, Eiríkur Smith, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Kjartansson, Ómar Skúlason og Sigrún Guðjónsdóttir — en enginn þeirra þó með verk af hæsta kalíber. Svo er stöku mynd eftir aðra þekkta menn, sem hverfa í glásinni, og verk eftir nokkra gutlara sem ávallt láta ljós sín skína á haustsýningu. Loks koma nýliðarnir en enginn þeirra kemur á óvart.

Deyfð

133 verk alls, færri en oftast áður. Nú er á engan hátt að sakast við sýningarnefnd því hún hefur lagt nótt við dag við að dekstra menn til að sýna. Hvað veldur þessu ástandi? Inntökureglur FÍM, t.d. sú staðreynd að á fimmta tug myndlistarmanna stendur utan við félagið, sumir af fúsum vilja, aðrir ófúsir? Hinar tíðu einkasýningar félagsmanna sem hafa það í för með sér að þeim er sárt um að lána verk á samsýningar? Klofningur innan félagsins? Eða eru menn einfaldlega orðnir leiðir á samkrulli af þessu tagi og vilja finna nýjan sýningargrundvöll? Það er ekki gott að segja hvað af þessu á best við. En það liggur í augum uppi að þegar fjórðungur félagsmanna fæst ekki til að taka þátt í helstu manifestasjón félagsskapar þá er eitthvað að. Hvað er til ráða? Það mætti halda haustsýningar annað hvert ár og fara þess á leit við ákveðinn fjölda félagsmanna að þeir mynduðu kjarna sýningar hverju sinni með eins konar mini-einkasýningum.


Í hugmyndabankann

Utan um þann kjarna mætti koma öðrum félagsmönnum fyrir, svo og utangarðsmönnum. Og félagið ætti fyrir alla muni að taka upp á því aftur að bjóða einum gesti til sýningarinnar og velja hann af betri og þekktari sortinni. Það mætti koma upp verðlaunum til að örva menn til þátttöku, efna til funda um málefni myndlistarmanna og myndlist, sýna kvikmyndir, hafa sýnikennslu í einhverjum greinum, bjóða „einvöldum" að velja hluta sýninganna o.s.frv. Vona ég að núverandi stjórn fari nú í hugmyndabankann, hefji skjótt hjálparstarf og bjargi félaginu.

Það er vafasamt að draga ályktanir um stefnur og strauma af svo broguðu úrtaki sem þessi haustsýning er en þó fannst mér athyglisvert hve sterk ítök fígúratíf list á í hugum yngri þátttakenda — og reyndar hjá sumum eldri mönnum líka. Gæti það bent til þess að slík hreyfing sé að rísa upp og komi til með að breyta viðhorfum hér á næstu árum. Við skulum sjá hvað setur.

Ólm hryssa


En meðal þess sem ég hafði ekki séð áður og hafði ánægju af að skoða á haustsýningunni vil ég nefna myndir Brynhildar Óskar Gísladóttur, teikningar Egils Eðvarðssonar með sínum fínlegu töktum og blendingi af erótík, íróníu og persónulegum ígrundunum og svo olíupastel Hrings Jóhannessonar að norðan. Kristján Jón Guðnason er samur við sig í ljóðrænum borgarmyndum og vildi ég feginn sjá meira eftir hann, og Leifur Breiðfjörð og kona hans, Sigríður Jóhannsdóttir, vinna af þeirri fágun og natni sem þau eru þekkt fyrir. En sterkasta myndheild sýningarinnar held ég að hafi verið þrenna Magnúsar Kjartanssonar sem slær frá sér í allar áttir eins og ólm hryssa og það er ómögulegt að standa hlutlaus gagnvart henni. Fyrir slíka vakningu er maður innilega þakklátur, eftir allt sem á undan er gengið.



Eiríkur Smith — Fjöruspekúlantar, 1977.

Myndlist





Magnús Kjartansson — Þrjú verk, blönduð tækni, 1978.

Merkja- og blaðasala
Sjálfsbjargar er á morgun

Styðjið fatlaða

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra